

## Fundargerð.

### *Auka-aðalfundur Norðurár bs. 2020*

Auka-aðalfundur Norðurár bs., haldinn 11. nóvember 2020 kl: 15:30. Fundurinn er haldinn rafrænn vegna Covid faraldursins.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð, Einar Kristján Jónsson fyrir Húnavatnshrepp, Alexandra Jóhannesdóttir fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd, Valdimar Ó. Hermannsson fyrir Blönduós og Dagný Úlfasdóttir fyrir hönd Skagabyggðar. Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson.

#### Dagskrá

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.
2. Samþykktir Norðurá bs.
3. Önnur mál.

#### 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Sigfús Ingi Sigfússon setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

#### 2. Samþykktir Norðurár bs

Að loknum aðalfundi Norðurá bs. sem haldinn var 13. október 2020 voru uppfærðar samþykktir félagsins sendar sveitarstjórnarráðuneytinu sem gerði athugasemdir við texta samþykktanna og benti á að þær þyrftu að staðfestast af viðkomandi sveitarstjórnnum að undangengnum tveimur umræðum. Uppfærð útgáfa samþykktanna, dags. 11. nóvember 2020 þar sem breytingartillögur komu fram, var send aðildarsveitarfélögum Norðurár bs með fundarboði. Magnús gerði grein fyrir þeim breytingartillögum sem fram komu í uppfærðri útgáfu og fjalla fyrst og fremst um skilgreiningu á fundarboði aðalfunda, ályktunarhæfni þeirra og eigendafundi. Ekki komu fram athugasemdir við uppfærðar samþykktir og voru bæði breytingarnar og samþykktirnar í heild bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Magnúsi falið að senda bréf á sveitarfélögin sem eiga Norðurá bs. og óska eftir að samþykktirnar fari í gegnum tvöfalda umræðu hjá hverri sveitarstjórn og að því loknu til samþykktar.

#### 3. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 15:45

---

Einar E Einarsson

---

Sigfús Ingi Sigfússon